

Séu aðstæður þannig að leggja þurfi aðallínu að vinnustað skal greitt yfirlengdargjald samkvæmt töflu.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar, skal heimtaugargjald greitt samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.

Heimtaugargjald skal greitt við umsókn. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 2 árum. Í samningi slíkum skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

IV. Ýmis ákvæði.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduopnun kr. 1 200,00.

Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0,9 getur rafveitan krafist að hann sé hækkaður upp í það gildi.

Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, sem valda tilfinnanlegum truflunum, eða takmarka notkun þeirra við tiltekinn tíma sólarhrings.

Rafveitunni er heimilt að reikna dráttarvexti á vangoldna rafveitureikninga eins og dráttarvextir eru ákveðnir á hverjum tíma, enda hafi tilkynning um beitingu dráttarvaxta verið send notanda með reikningi eða á annan hátt.

Óski notandi þess að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma rafveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald kr. 606,00.

Söluskattur 25% samkvæmt lögum, er innifalinn í raforkugjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, nema í lið 1.3. viðhaldsgjald og liðum 4.1., 4.2. og 4.3.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. júlí 1988 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 577, 15. desember 1987.

Iðnaðarráðuneytið, 21. júní 1988.

F. h. r.

Árni Þ. Árnason.

Guðrún Skúladóttir.

AUGLÝSING

um útvarpsgjald.

Útvarpsgjald sbr. 22. gr. útvarpslaga nr. 68/1985, hefur verið ákveðið sem hér segir:

Á 3. ársfjórðungi 1988:

Fyrir full afnot kr. 3 510

Fyrir hljóðvarpsafnot eingöngu kr. 1 170

Menntamálaráðuneytið, 14. júní 1988.

Friðrik Sophusson.

Pórunn J. Hafstein.